

og rifnaði efsta borðið á bátnum stjórnborðsmegin á hér um bil »2 metra svæði« að því er skoðunarmenn þeir skýra frá, er útnefndir voru 18. marz þ. á., til þess að skoða bátinn. Kærði fór í 2 róðra með bátinn til netja, án þess að láta gjöra við hann. En þar eð upplýst er, að ekki var nema 20 mínútna ferð út að netunum, þykir eftir atvikum ekki nægileg ástæða vera til þess að láta kærða sæta ábyrgð fyrir þennan drátt á viðgjörð á bátnum.

Kærði kannast við, að í einum róðri hafi vantað fötu í bátinn, en ástæðuna til þessa telur kærði þá, að án hans vitundar hafi föturnar verið teknar úr bátnum, en hann ekki veitt því eftirtekt fyr en hann var kominn út á sjó. Í þetta skifti biluðu dælurnar og var þá haldið í land. Þessum framburði kærða hefir ekki verið hnekk, og þykir því ekki ástæða til þess að láta hann sæta ábyrgð fyrir þetta kæratriði. Loks hefir kærður kannast við, að lífbelti hafi ekki verið í bátnum, en þar sem upplýst er, að skoðunarmenn leyfðu honum í byrjun að róa einn róður án lífbeltanna, og að einn af eigendum bátsins ætlaði að ná þeim úr Reykjavík — en úr því varð ekki — þá þykir yfirsjón þessi ekki svo alvarleg, að kærði verði látinn sæta ábyrgð fyrir hana.

Samkvæmt framanskráðu ber að sýkna kærða, Halldór Halldórsson, fyrir kærnum hins opinbera í máli þessu.

Málskostnaður greiðist af almanna fé.

Mánudaginn 17. marz 1930.

Nr. 73/1929.

Sparisjóður Norðfjarðar

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Jóni E. Sigurðssyni og skiftaráðand-
anum í Suður-Múlasýslu, f. h. þrotabús h/f. Eljan á Norðfirði** (Enginn).

Frávisun.

Dómur sjóréttar Suður-Múlasýslu 12. júní 1928: Stefndur, skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu, f. h. þrotabús h/f. Eljan á Norðfirði, greiði umbjóðanda stefnanda, Jóni E.

Sigurðssyni á Akureyri, kr. 1684.86 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags, og á hann sjóveðrétt í uppboðs- andvirði e/s. Eljan frá Norðfirði fyrir kröfu sinni.

Hin stefnda stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar greiði umbjóð- anda stefnanda 150 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirt- ingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 20. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 18. s. m. Er mál þetta var tekið fyrir hér í rétti í nóvembermán. s.l., var því samkvæmt ósk áfrýjanda og með samþykki stefndu, er þá létu mæta í málinu, frestað til fyrirtektar í febrúarmánuði, en með því að þá mætti enginn af hálfu hinna stefndu hefir málið verið rekið skriflega, samkv. 38. gr. hæsta- réttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í héraði var mál þetta höfðað af Jóni E. Sigurðs- syni kaupmanni á Akureyri gegn skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu, Magnúsi Gíslasyni, f. h. þrotabús h/f. Eljan og sparisjóðnum á Norðfirði, en þótt Magnús sýslumaður Gíslason væri þannig formlegur aðilji málsins, hefir hann gefið út stefnu í því, leitað um sættir og kveðið upp dóm í málinu.

Þetta getur eigi talizt lögleg meðferð málsins og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir sjóðóminum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti verður sam- kvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefndu til að greiða in solidum og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir sjódominum á að vera ómerk.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en málskostnaður í hæstarétti greiði hinir stefndu, Jón E. Sigurðsson og skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu, Magnús sýslumaður Gíslason, f. h. þrotabús h/f. Eljan á Norðfirði in solidum áfrýjanda, sparisjóði Norðfjarðar, með 250 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. marz 1930.

Nr. 111/1929. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

S. Th. J. C. F. R. Hogg (Lárus Fjeldsted).

Sýknaður af kærur fyrir botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 29. sept. 1929: Stefndur, Stanford Theofilus James Charles Robert Hogg, greiði kr. 12255.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, en verði sektin ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað hennar 7 mánaða einfalt fangelsi. Afli og veiðarfæri, þar með taldir allir dragstrengir, séu upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Stefndur greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnaður, þar á meðal 40 kr. til skipaðs verjanda Alf. Jónssonar lögfræðings.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þann 27. september f. á. kl. 5,25 árdegis var varðskipið Ægir á leið vestur úr Flateyjarsundi á Skjálf-
andaflóa og sást þá frá varðskipinu togari svo nærri